

Áætlun um innra mat í Brúarskóla

Langtímaáætlun um innra mat í Brúarskóla

Viðfangsefni	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Nám og kennsla				
Skipulag náms og námsumhverfi				x
Vinnuáætlanir		x		
Kennsluhættir og gæði kennslu			x	
Námshættir og námsvitund				x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda		x		
Verkferlar og hvatningakerfi	x			
Samstarf við heimaskóla nemenda			x	
Ráðgjöf				
Samstarf ráðgjafa og starfsmanna innan Brúarskóla		x		x
Ráðgjöf við almenna grunnskóla	x		x	
Mannauður				
Fagmennska starfsfólks			x	
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað		x		x
Stjórnun og skipulag				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x			
Stjórnun skólans		x		x
Faglegt samstarf	x		x	
Skólaþróun og starfsþróun		x		
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x		x	
Samstarf við nærskóla og BUGL		x		
Skólabragur				
Velferð og líðan nemenda	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla		x		x
Innra mat				
Framkvæmd innra mats	x	x	x	x
Umbótastarf í kjölfar innra mats	x	x	x	x

Matsteymi

Í matsteymi Brúarskóla sitja aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar á starfsstöðvum skólans. Matsteymið stýrir innra mati skólans í samráði við skólastjóra. Það sér um að gera matsáætlanir, umbótaáætlanir og greinargerðir auk þess að kynna matið á starfsmannafundum. Teymið virkjar aðra starfsmenn skólans með í matið, s.s. í að afla gagna og ræða matsþættina.

Viðmið

Matið byggir á skólanámskrá og metið er út frá markmiðum skólans. Við matið eru viðmið fyrir ytra mat notuð þar sem þau eiga við (sjá [Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum](#), Birna Sigurjónsdóttir o.fl., 2012), en viðmið sem unnin eru af matsteyminu notuð um aðra þætti og tilgreind nánar í árlegri áætlun um innra mat.

Gagnaöflun og greining gagna

Fyrirliggjandi gögn

Skólanámskrá, vinnuáætlanir, starfsáætlun og innra mat eru m.a. metin eftir gátlistum reglulega.

Skoðanir og álit hagsmunaaðila

- Reglulegar kannanir lagðar fyrir nemendur um sína líðan í skólanum.
- Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar lögð fyrir starfsmenn reglulega
- Aðrar kannanir lagðar fyrir starfsmenn varðandi ýmis mál er snúa að skólastarfinu og skipulagi.
- Viðhorfskönnun lögð fyrir foreldra reglulega
- Annað hvert ár er könnun send skólum sem fengið hafa ráðgjöf frá Brúarskóla.
- Markviss samræða um viðfangsefni mats á starfsmannafundum.

Greining gagna er á höndum matsteymis og fer fram með umræðum þar sem niðurstöður eru ræddar og þær bornar saman við þau viðmið sem við á.

Nánari lýsingu á innra mati er að finna í matsáætlunum fyrir hvert skólaár. Matsáætlanir ásamt sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun eru birtar á heimasíðu skólans.